

## 127. fundur Rekstrarnefndar Hjúkrunar- og dvalarheimilsins Klausturhóla haldinn á zoom 16.4.20 kl.15:00.

Mættir: Sveinn Hreiðar Jenson, Auðbjörg Bjarnadóttir, Elín Heiða Valsdóttir, Matthildur Pálsdóttir, Anna María Ólafsdóttir, Jóna Margrét Sigmarsdóttir og Fanney Ásgeirsdóttir sem ritar fundargerð. Hörður Davíðsson er gestur á fundi undir lið 3.

Dagskrá fundar:

1. Hjúkrunarforstjóri fer yfir innleiðingu aðgerðaáætlunar vegna COVID-19

Nefndin þakkar hjúkrunarforstjóra og starfsfólkinu öllu fyrir frábært starf, samvinnu, sveigjanleika og lausnamiðaða hugsun á erfiðum tímum.

2. Starfsmannamál og mönnun vakta vegna COVID-19 faraldurs.

Farið yfir launakostnað það sem af er ári. Hann er innan marka og í eðlilegum farvegi.

3. Hörður Davíðsson kynnir hugmynd að gróðurhúsi fyrir íbúa Klausturhóla

Hörður kynnir sínar hugmyndir að húsinu, staðsetningu og annað. Umræða um hugmyndina og staðsetningu. Hörður býðst til að útfæra hugmyndina betur í framhaldinu, á sinn kostnað og leggja fram teikningar og rekstraráætlanir áður en frekari ákvörðun er tekin. Nefndin samþykkir það með áðurgreindum fyrirvara, þ.e. að enginn kostnaður lendi á Klausturhólum eða Skaftárhreppi af því vinnuferli.

4. Önnur mál. Þjónustusamningurinn við Skaftárhrepp. Gott væri að hjúkrunarforstjóri og sveitarstjóri færu yfir samninginn og athugi hvort þurfi að endurskoða einhverja hluta hans.

Fundi slitið kl. 17:05